

GREIÐABÍLAR HF.
Malarhöfða 2,
110 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/202
komudagur 21.11.2001

Reykjavík 20. nóvember 2001.

Samgöngunefnd Alþingis

Við leyfum okkur að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um leigubifreiðar (lagt fyrir Alþingi á þingi 2001 - 2002.):

Við 1. gr. frumvarpsins. Þer segir að heimilt sé með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Í meðfylgjandi greinagerð um greinina segir að starfssvið stéttanna hafi hingað til skarast og að leigubifreiðar hafi flutt bréf og blóm án þess að flytja farþega í sömu ferð. "Talið er eðlilegt að svo verði áfram."

Hér eru furðulegir hlutir að gerast. Umrædd vinna er virðisaukaskattakild og hlýtur að falla undir sendibifreiðaakstur. Því miður hefur það tíðkast um of að fólksleigubifreiðastjórar hafa með tilstuðlan samgönguráðuneytis flutt varning í bifreiðum sínum.

Í dag virkar þetta þannig að Ýmsar ríkisstofnanir spara sér virðisaukaskatt með því að nota fólksbifreiðar til sendiferða, ástæðan er sú að þær geta ekki innskattað virðisaukaskattinn. Sem dæmi um slíkar stofnanir nefnum við Námsgagnastofnun og lónaá- og viðskiptaráðuneytið.

Við leggjum til að umrætt heimildarákvæði verði fellt út.

Virðingarfyllt,

Hreiðar Eyjólfsson

